

Nd.

274. Frumvarp til laga

[139. mál]

um breyting á skipulagslögum, nr. 19/1964.

Flm.: Jón Skaftason, Geir Gunnarsson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. 2. málsg. orðist svo:

Ráðuneytinu til aðstoðar eru skipulagsstjórn ríkisins og skipulagsstjóri. Í skipulagsstjórn ríkisins eiga sæti fimm menn, tveir eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn samkv. tilnefningu Arkitektafélags Íslands, einn samkv. tilnefningu Verkfræðingafélags Íslands og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin kys sér sjálf formann, varaformann og ritara til fjögurra ára í senn. Nefndinni til ráðuneytis eru eftirtaldir embættismenn: húsameistari ríkisins, vegamálastjóri og vita- og hafnarmálastjóri.

b. 4. málsg. orðist svo:

Ráðherra ákveður skipulagsstjórn laun, sem greiðast ásamt öllum kostnaði við störf hennar úr skipulagssjóði.

2. gr.

6. málsg. 2. gr. laganna orðist svo:

Laun skipulagsstjóra svo og annar kostnaður við störf hans, svo sem laun starfsmanna hans, skrifstofu- og ferðakostnaður, greiðist úr skipulagssjóði.

3. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Stofna skal sérstakan sjóð, skipulagssjóð ríkisins, til að standa straum af kostnaði við framkvæmd skipulagsmála samkv. lögum þessum.

Ríkissjóður leggur sjóðnum stofnfé, 5.7 millj. króna.

Innheimta skal sérstakt gjald, skipulagsgjald, sem renna skal í skipulagssjóð. Gjaldið skal nema allt að 5% af brunabótaverði hvernar nýbyggingar, sem reist verður á skipulagsskyldum stað, og fellur það í gjalddaga, þegar brunabótavirðing hefur farið fram. Það hefur lögveð í eigninni og gengur fyrir öllum veðkröfum, er á henni hvíla. Innheimta má galdið með lögtaki. Sýslumenn og bæjarfógetar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta gjaldið hver í sínu umdæmi. Ríkissjóður leggur sjóðnum árlega upphæð, sem svarar 40% af skipulagsgjöldum næstliðins árs.

Skipulagsstjórn ríkisins hefur á hendi stjórn skipulagssjóðs, en ráðherra setur nánari ákvæði um reikningshald sjóðsins, upphæð skipulagsgjalda og annað, er máli skiptir, í reglugerð, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

4. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við mælingar og skipulagsstörf, sem skipulagsstjórn annast eða sveitarfélag hefur fengið leyfi til að annast skv. 2. gr., skal greiddur að $\frac{3}{4}$ úr skipulagssjóði ríkisins, skv. 33. gr. Sama gildir um kostnað vegna starfa samvinnunefndar skv. 3. gr. Ef ágreiningur verður um greiðsluskyldu, sker ráðherra úr.

5. gr.

35. gr. laganna fellur niður, og breytist greinatala samkvæmt því.

6. gr.

Aftan við lögin bætist:

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrsta greiðsla ríkissjóðs samkv. 3. málsgrein 33. greinar skal miðuð við skipulagsgjöld árið 1966.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta um breytingar á skipulagslögum, nr. 19/1964, er flutt skv. ósk fulltrúafundar Samtaka sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi, sem haldinn var 3. des. 1966. Er efni frumvarpsins í samræmi við þær breytingar, sem Samband íslenzkra sveitarfélaga lagði til við Alþingi, að gerðar yrðu á frumvarpi til skipulagslaga í jan. 1964, en náðu ekki fram að ganga þá.

Hér fara á eftir athugasemdir um einstakar breytingartillögur.

Um 1. gr.

a. Samtök sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi leggja áherzlu á, í samræmi við óskir Sambands ísl. sveitarfélaga, að stuðla beri að auknum áhrifum sveitarfélaga á störf skipulags ríkisins, og er því lagt til, að sveitarfélögin eigi tvo fulltrúa í stjórninni í stað eins nú. Þá þykir samtökunum eðlilegt, að Arkitektafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands eigi þar fulltrúa sem fagfélög, og vísast í því efni m. a. til bréfs Arkitektafélags Íslands til heilbrigðis- og félagsmálanefndar efri deildar Alþingis, dags. 18. apríl 1964. Þeir embættismenn, sem nú eiga sæti í skipulagsstjórn, eru sjálfsagðir sérfræðingar til ráðuneytis stjórninni eftir verkefnum hennar hverju sinni.

b. Breytingin er afleiðing af breytingu á 33. gr. laganna, sjá 4. gr. frv.

Um 2. gr.

Þetta leiðir af breytingu á 33. gr. laganna, sjá 4. gr. frv.

Um 3. gr.

Það er megin sjónarmið Samtaka sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi og Sambands ísl. sveitarfélaga, að allar tekjur af skipulagsgjöldum renni óskiptar til skipulagsframkvæmda. Því fer viðs fjarri, að svo hafi verið hin seinustu ár, enda þótt mjög brýn verkefni biðu óleyst í skipulagsmálum. Þessi verkefni fara ört vaxandi frá ári til árs og þar af leiðandi þörfin fyrir aukið fjármagn til skipulagsvinnu í sveitarfélögum viðs vegar um land. En þau hafa veigrað sér við að taka skipulagsmálin nægilega föstum tókum vegna þess, hve fjárhagsgetu þeirra hefur verið þröngur stakkur skorinn. Fyrirsjáanlegt er, að á næstu árum verður að leysa af hendi mikil störf á þessu sviði í kaupstöðum og reyndar í kaптúnnum líka, m. a. með hliðsjón af lagningu varanlegra gatna, svo sem þjóðvega gegnum kaupstaði og kaптún, en það eru framkvæmdir, sem fylgja munu í kjölfar hinna nýju vegalaga. Til að standa straum af kostnaði við aukna skipulagsvinnu er lagt til, að öll skipulagsgjöld renni í sérstakan skipulagssjóð. Heimild til handa ráðherra að ákveða skipulagsgjaldið er jafnframt rýmkuð, hámarkið bundið við 5%, en gjaldið yrði að öðru leyti reglugerðarákvæði. Til viðbótar skipulagsgjöldunum er lagt til, að ríkissjóður leggi sjóðnum framlag, sem svarar 40% af heildarupphæð skipulagsgjalda í landinu á næstliðnu ári, þ. e. árið áður en fjárlagafrumvarp hvers árs er samið. Þá er enn fremur lagt til, að ríkissjóður leggi skipulagssjóðnum stofnfé, 5.7 millj. króna, og er upphæð þessi ákveðin með hliðsjón af þeim tekjuafgangi, sem tekjur af skipulagsgjöldum umfram kostnað af skipulagsmálum hafa numið s. l. átta ár, á

árunum 1958—1965, samkv. ríkisreikningi. Samkv. upplýsingum ríkisbókhaldsins hefur tekjuafgangur þessi ár numið kr. 5 755 446.43.

Með stofnframlaginu, 5.7 millj. kr., er hugmyndin að reyna að tryggja, að sjóðnum yrði ekki fjárvant fyrstu árin, þótt útgjöld eitthvert árið færu fram úr árlegum tekjum.

Um 4. gr.

Ástæðulaust er annað en að láta sömu reglu gilda um skiptingu kostnaðar vegna mælinga og annarrar skipulagningar, og eru því ákvæði 33. gr. og 34. gr. laganna sameinuð. Sú breyting er gerð á gildandi hlutföllum við skiptingu kostnaðarins við skipulagningu og mælingar, að lagt er til, að skipulagssjóðurinn beri kostnaðinn að $\frac{3}{4}$ hlutum og viðkomandi sveitarsjóður að $\frac{1}{4}$ hluta. Þessi tillaga er fram borin vegna stórauðinnar þarfar fyrir skipulagsvinnu í landinu og með hliðsjón af þeim auknu fjárráðum, sem skipulagssjóðurinn fær samkv. breytingartillögu við 33. gr., miðað við það fjármagn, sem til ráðstöfunar hefur verið til skipulagsstarfa til þessa.

Í lögunum er fylgt ákvæði, sem verið hefur, að hvor aðili um sig, sveitarsjóður og ríkissjóður, greiði helming kostnaðarins. Tilhögun sú er að vorum dómi ekki fullnægjandi.

Um 6. gr.

Bráðabirgðaákvæðið kveður á um fyrstu greiðslu ríkissjóðs samkv. 3. mgr. 33. gr.